
KASTLJÓS




Kl. 20.00 hefst þátturinn „Hljómplöturabb," en í þessum lið dagskrárinnar bregður Þorsteinn Hannesson plötum á fóninn. Í þessum þætti geta tónlistarunnendur ætið gengið að mjög góðum söng.

Það fer ekki fram hjá neinum, að eftir tímasetningu þáttarins, er honum ætlað að keppa við fréttatíma sjónvarpsins, en hitt mun þó sönnu nær, að lítill tiltrú á vinsældir hans hafi ráðið, að minnsta kosti einhverju, um það, hvenær hann er fluttur.

Reynslan hefur sannað, svo að ekki verður um villst, að þátturinn á sér tryggan hlustendahóp, sem fer vaxandi. Aðdráttarafl hans liggur eflaust að einhverju leyti í því, að hann er ekki kynntur fyrirfram nema afar lauslega, og enda þótt áheyrendur kaupi alltaf köttinn í sekknum og viti ekki hvaða söngvarar eru kynntir hverju sinni, dregur það síður en svo úr vinsældum hans.

Þorsteinn Hannesson veit þetta, en gerði þá undantekningu fyrir þrábeiðni okkar, að segja okkur, hvaða söngvara hann ætlar að kynna á laugardagskvöldið kemur.

Það tilheyra yngri kynslóð toppsöngvara, og má þar nefna mexikanska tenórinn Placido Domingo, ítölsku sópransöngkonuna Kati Ricciarelli, og síðast en ekki síst ítölsku söngkonuna Maria Chiara, sem óhætt er að segja, að hafi nú lagt allan heiminn að fótum sér fyrir unaðslega rödd og frábæra túlkun. Hún er eitt af þessum undrabörnum sönglistarinnar, sem „enginn" vissi af, en allt í einu er hún alls staðar eftirsótt og vekur slíka hrifningu, sem aðeins snillingar með náðargáfuna gera. Hljómplöturabb Þorsteins Hannessonar verður kl. 20.00 í kvöld.



Kl. 16.30 hefst sjónvarpsdagskráin með íþróttaþætti, sem Ómar Ragnarsson hefur umsjón með. Fyrst í þessum þætti er knattspyrnukennsla svo sem verið hefur að undanförnu. Er þetta aðeins 10 mínútna þáttur, vel til þess fallinn að menn hiti sig aðeins upp fyrir ensku knattspyrnuna, sem byrjar kl. 16.40.

Bjarni Felixson kynnir að vanda og lýsir leikjum þeim, sem sýndir verða, en þeir eru að þessu sinni kappleikir í 6. umferð bikarkeppninnar ensku, og eru því línur talsvert farnar að skýrast um hugsanleg úrslit. Mjög almennt er „tippað" á Ipswitch Town eða Leeds United, sem bæði eru 1. deildar lið og verður á laugardaginn sýndur leikur á milli þessara liða, sem fram fór í Ipswitch síðastliðinn laugardag.

Yfir ensku bikarkeppninni er meiri stemning en deildarkeppnum, og er þessi leikur afar skemmtilegur, en hann er leikinn á heimavelli Ipswitch, eins og áður segir. Aðsókn að leiknum á sér engin fordæmi og voru áhorfendur um 40 þúsund manns og áhorfendasvæðin bókstaflega sprungin, enda leikurinn með afbrigðum spennandi.

Þá verður sýndur leikur á milli 1.deildar-liðsins Carlisle og 2. deildar liðsins Fulham, sem einnig eru leikir í 6. umferð bikarkeppninnar. Sá leikur var einnig geysilega spennandi og úrslit allan tímann tvísýn.

Þá verður í þessum íþróttaþætti kynning á badminton í sjónvarpssal, og síðast en ekki síst verða sýndir kaflar úr úrslitaleikjum Íslandsmótsins í handknattleik, þar sem eigast við ÍR og Haukar og loks Valur og Víkingur, sem léku hinn raunverulega úrslitaleik Íslandsmeistaramótsins.

STJÖRNUSPÁIN



Vatnsberinn 20. janúar — 18. febrúar.
Hagstæður dagur til ferðalaga og heimsókna. Athafnir ættingja þinna hjálpa þér í ástarmálunum og þér gætu borist góðar fréttir. Sinntu bréfaskiptum þínum.



Fiskarnir 19. febrúar — 20. mars.
Fjármálin eru jákvæð í dag. Dómgreind þín er í góðu lagi og þú ættir að taka þér tíma til upplýsingaöflunar. Ef þig langar að kaupa föt eða fallega hluti, þá gerðu það.



Hrúturinn 21. mars — 20. apríl.
Áhrifafólk er þér líklega ekki hagstætt í dag. Vandamál ættingja valda þér áhyggjum. Ferðalög baka þér líklega vonbrigðin ein, en samböndin við vini, maka og félaga ættu að vera í lagi.



Nautið 21. apríl — 20. maí.
Fjármál gætu valdið þér nokkrum áhyggjum í dag. Vinir verða líklega ekki hjálplegir og þú skalt forðast að láta flækja þig í ástlanir þeirra. Nýjar aðferðir gætu aukið afköst þín.



Tvíburarnir 21. maí — 20. júní
Taktu þátt í athöfnum vina þinna í dag. Dagurinn er hagstæður til náms, en líklega hefur þú meiri áhuga á að skemmta þér og þú skalt láta það eftir þér. Fylgstu með fjarlægum atburðum.



Krabbinn 21. júní — 20. júlí.
Verulega hagstæður dagur til allra athafna og þú ættir að ná því besta úr samstarfi við hvern sem er. Haltu samt aftur af eyðsluhvöt þinni og æstu þig ekki um of.



Ljónið 21. júlí — 21. ágúst.
Mjög hagstæður dagur til náms og framkvæmda. Fjarlægir atburðir gætu haft hagstæð áhrif á ástamálin og ef þú hyggur á ferðalög, þá legðu af stað í dag. Sinntu bréfaskiptum þínum.



Meyjan 22. ágúst — 22. september.
Gróðabrall þitt vekur áhuga félaga þíns og þú skalt þiggja þátttöku hans. Dagurinn er góður til allra samningsgerða og alls þess sem krefst samvinnu félaga og vina.



Vogin 23. september — 22. október.
Góður dagur í ástarmálum — ástvinir sýna betri svörun en undanfarið. Samvinna við þína nánustu gæti fært góðan hagnað. Mundu að gjalda skal líku líkt.



Sporðdrekinn 23. október — 22. nóvember.
Þetta er dagurinn til að taka verulega á og notfæra sér samvinnu vina og kunningja. Þér gefst tækifæri til að vekja áhuga áhrifamanna. Ástarmálin gætu orðið skemmtileg, en ekki mikilvæg.



Bogmaðurinn 23. nóvember — 20. desember.
Góður dagur til að sinna málefnum hjartans og ef þú ferðast eitthvað, gætir þú hitt manneskju sem á eftir að hafa mikil áhrif á líf þitt. Sinntu félagslífi um helgina.



Steingeitin 21. desember — 19. janúar.
Andrúmsloftið á heimilinu verður gott í dag og meðlimir fjölskyldunnar betri viðskiptis en oft áður. Dagurinn er góður til samræðna um fjármál, en haltu samt rólyndi þínu. Sinntu því sem þú hefur trassað undanfarið.

RAGGI RÓLEGI



FJALLA-FÚSI



HVAÐ ER Á SEYÐI?



MINNINGARSÝNING

Í dag verður opnuð, að Kjarvalsstöðum, minningarsýning um Guðmund Einarsson frá Miðdal. Sýningin er haldin til minningar um það, að Guðmundur hefði orðið áttræður á sumri komanda. Á sýningunni eru 133 myndir Guðmundar; 48 olíumyndir, 43 vatnslitamyndir, 25 eirstungur, 8 túss- og blýantsteikningar og krítarmyndir og 9 höggmyndir. Sýningunni er ætlað að vera yfirlitssýning um stílþróun, verkefnaval og viðfang listamannsins.

Guðmundur Einarsson frá Miðdal sótti myndlistarnám til þriggja ólíkra skóla.

Fyrst til Stefáns Eiríkssonar í Reykjavík 1911-'13, þá til Konunglega fagurlistaskólans í Kaupmannahöfn og loks til Listaakademíunnar í München á árunum 1921-1925.

Hann lagði jafna stund á málaralist, höggmyndagerð og eirstungugerð. Eftir hann liggja að auki teikningar, húsaskreytingar, leirmunir, bækur og steindir gluggar.

Guðmundur tók fyrsta sinn þátt í myndlistarsýningu með Listvinafélaginu árið 1921. Að loknu námi hélt hann sýningar eða tók þátt í samsýningum með fárra ára millibili í Reykjavík, á landsbyggðinni og erlendis, m.a í Finnlandi, Bretlandi, Noregi og Þýskalandi.

Ýmis verk Guðmundar eru á opinberum stöðum, gjarnan minnismerki svo sem um Jón Arason biskup, Skúla landfógeta, sjómenn í Vestmannaeyjum og Ólafsvík, margar lágmyndir og brjóstmyndir. Einnig mætti telja húsaskreytingar, til dæmis lágmyndir í Pósthússtræti og á Landspítalanum, glugga í Bessastaða- og Akureyrarkirkju og hvelfingar í Þjóðleikhúsi og Háskóla Íslands.

ÞJÓÐMINJASÝNING

Í dag verður opnuð, í Bogasal Þjóðminjasafnsins, sýning, sem haldin er til að minnast þess að síðastliðið haust, voru liðin 100 ár frá andláti Sigurðar Guðmundssonar, málara. Á sýningunni verður úrval af þeim munum sem safninu bárust fyrstu tíu árin sem það starfaði, en þann tíma var það að miklu leyti í vörslu Sigurðar. Einnig gerir sýningin minningu Sigurðar nokkur skil og eru á henni nokkrar teikningar hans og mannamyndir.

Sigurður Guðmundsson, listmálari, var frumkvöðull og helsti hvatamaður þess að sett yrði á stofn Þjóðminjasafn Íslands. Hafði hann, að mestu leyti, veg og vanda af uppsetningu þess og vörslu, fyrstu tíu árin.

Sýningin verður opin á safntímum, næstu tvær vikur, nema á laugardögum og sunnudögum, en þá verður hún opin til klukkan 18.00.